



Rótarýklúbbur Hafnarfjarðar 70 ára 1946-2016



Stjórnarskipti 7. júlí 2016

Fráfarandi forseti Eyjólfur Þór Sæmundsson, fráfarandi stjórn, kæru rótarýfélagar og virðulegu gestir.

Ég ætla að biðja fráfarandi stjórn að víkja frá stjórnarborði, en Eyjólfur Þór Sæmundsson fráfarandi forseti og Gylfi Sigurðsson verðandi forseti sitji áfram, þá vil ég bjóða að stjórnarborði:

Guðbjart Einarsson ritara
Ingvar Geirsson gjaldkera
Ólaf Hauk Magnússon stallara.

Vil ég hafa sama hátt á og undanfarin ár og bið nýja stjórn að kynna sig stuttlega fyrir okkur:

Gylfi Sigurðsson verðandi forseti,
Guðbjartur Einarsson ritari,
Ingvar Geirsson gjaldkeri,
Ólafur Haukur Magnússon stallari og
Eyjólfur Þór Sæmundsson fráfarandi forseti.

Ég vil bjóða stjórnina velkomna til starfa, ég veit að þeir eru miklir rótarýmenn og hlakka ég til samstarfs við þá. Ég vil þakka fráfarandi stjórn samstarfið á liðnu starfsári, það hefur verið mikill skóli fyrir mig að hafa starfað með tveimur fyrri stjórnnum sem Jóhannes Pálmi og Eyjólfur Þór hafa leitt.

Ég vil þakka það traust sem þið félagar mínir hafið sýnt mér með að kjósa mig til forseta Rótarýklúbbs Hafnarfjarðar næsta starfsár.

Mig langar að segja ykkur stuttlega frá sjálfum mér. Ég gerðist félagi í Rótarýklúbbs Borgarness 21. júní 1990, síðan færði ég mig í Rótarýklúbbs Hafnarfjarðar þegar ég flutti heim aftur 7. nóvember 1991, er því búin að vera rótarýfélagi í 26 ár.



Rótarýklúbbur Hafnarfjarðar 70 ára 1946-2016

Ég er matreiðslumeistari að mennt, hef unnið sem matreiðslumaður, veitingamaður og hóteltjóri víða um land, síðast liðin 12 ár hjá Rekstrarvörum sem verslunarstjóri og nú ráðgjafi fyrir viðskiptavinum og starfsfólki.

Afi minn Bessi Gíslason skipstjóri og fiskverkandi var félagi í klúbbnum til margra ára. Ég er gaflari langt aftur í ættir, komin af Brúsastaðaætt, en Brúsastaðir eru hér vestur á Mölum. Ég er giftur Agnesi Jóhannsdóttur heilsunuddara og eigum við þrjú börn og 12 barnabörn.

Í ár er 70 ára starfsafmæli klúbbsins, hann var stofnaður 9. október 1946, munum við halda uppá afmælið með ýmsum hætti. Skipuð var nefnd á síðasta starfsári undir stjórn Gylfa Sigurðssonar en með honum eru í nefndinni: Gerður Gunnarsdóttir varaformaður, Erlendur Geir Arnarson, Haukur Byrgisson og Gunnar Gunnarsson en í hans stað kom Sigurður Björgvinsson.

8. október verður stórhátíð haldin í Ljósatröð húsi Frímúrara hér í Hafnarfirði í samráði við Inner Weel en þær eiga líka stórafmæli í ár eru 40 ára.

Undirbúningur er í fullum gangi og eru flest aðalatriði klár.

Einnig er í undirbúningi listsýning núverandi og fyrrum félaga í klúbbnum, en stefnt er að því að hún verði opnuð á Rótarýdeginum í febrúar. Klúbburinn hefur verið þeirrar gæfu aðnjótandi að margir góðir listamenn eru og hafa verið í klúbbnum.

Stjórnin stofnsetti ritnefnd síðastliðinn vetur, verkefni hennar er að endurútgefa bók Stefáns Júlíussonar, sem gefin var út í tilefni 50 ára afmælis Rótarýklúbbs Hafnarfjarðar, með viðbótum síðustu 20 ára. Í nefndina valdist úrvals lið: Reynir Guðnason formaður, Sigurbór Aðalsteinsson, Skúli Valtýsson og Víðir Stefánsson. Nefndin hefur fengið Almar Grímsson einn reyndasta félagan okkar til að taka saman og skrá minningar síðustu 20 ára og bæta við skrif Stefáns. Hugmyndin er að bókin komi út á starfsárinu en það verður að ráðast eftir því hvernig verkið vinnst.



Rótarýklúbbur Hafnarfjarðar 70 ára 1946-2016

Klúbburinn hefur ákveðið að taka skiptinema, hann heitir Franco Napoleon Iglesias, 17 ára drengur frá San Salvador de Jury í Argentínu, hann kemur frá Rótarýklúbbnum Jujuy. Franco Napoleon kemur til okkar í byrjun skólaárs. Hann hefur fengið skólavist í Flensborg. Við höfum fengið fjölskyldur fyrir hann minnst 2 tímabil en ég ítreka það sem ég sagði fyrr í vetur að okkur vantar 1-2 fjölskyldur í viðbót til að fylla tíman. Það er einstaklega gefandi að hafa skiptinema.

Þórhallur Ísak Guðmundsson fer sem skiptinemi á okkar vegum til Brasilíu, hann er sonur Guðmundar Petersen og Guðrúnar Lárusdóttur en Franko Napoleon verður hjá hennar fjölskyldu fyrsta tímabilið. Æskulýðsnefnd undir stjórn Kjartans Jónssonar hefur veg og vanda með skiptinemanum, en hann er á okkar allra ábyrgð og við verðum að hafa hann í huga þegar við gerum eitthvað skemmtilegt og fræðandi. Ég endurtek það sem ég sagði áðan að okkur vantar fleiri fjölskyldur til að hýsa hann, það má hafa samband við Kjartan eða mig þegar þið hafið tekið ákvörðun um það.

Handbók klúbbsins er tilbúin, hún er með hefðbundnu sniði og liggur frammi hjá stallara. Það gekk vel að vinna hana og vil ég sérstaklega þakka Hallfríði Helgadóttur sitt óeigingjarna starf við uppsetningu og prófarkalestri hennar, einnig kom Guðni Gíslason við sögu t.d. á hann myndina sem prýðir útsíðurnar. Bókin er prentuð í Steinmark, hjá Steingrími Guðjónssyni félaga okkar.

Heimasíða klúbbsins er uppfærð reglulega, þar er að finna upplýsingar um okkur félagana, fundartíma okkar klúbbs og annarra, fundargerðir allra funda klúbbsins og mfl. Nú í haust er umdæmið að skipta út gömlu heimasíðunni og ný kemur í staðinn, allar upplýsingar sem við höfum á þeirri gömlu halda áfram að vera tiltækar á þeirri nýju og margt fleira, vil ég hvetja félagana sem ekki hafa aðgang að heimasíðunni að snúa sér til ritara til að fá aðgangsorð til að hún virki sem skildi.

Stjórnin hefur undirbúið starfsárið vel með allnokkrum fundum þar sem farið hefur verið yfir starfsáætlun og stefnumótun fyrir starfsárið.



Rótarýklúbbur Hafnarfjarðar 70 ára 1946-2016

Eins og þið munið þá hafa 2 undanfarnar stjórnir unnið samkvæmt skipulagi frá umdæminu þar sem gerð er stefnumótun til 3-5 ára, þar hefur stjórnin tekið upp nokkur mál fyrirrennara sinna og sett ný inn.

Þar eru mál eins og 70 ára afmælishátíð, útgáfa á sögu klúbbsins, listsýning, merking göngustíga í upplandi Hafnarfjarðar, utanlandsferð til Rússlands og Finnlands, ferð á sunnaverða Vestfirði, senda og taka á móti skiptinimum.

Á starfsárinu er gert ráð fyrir því að greitt verði í Rotary Foundation 50 dollara á félagi, auk þess sem áskotnast í grísinn góða, félagar eru einnig hvattir til að leggja frjáls framlög í sjóðinn t.d. við kaflaskil í lífinu, áheit o.s.f. Rótarýsjóðurinn er 100 ára á starfsárinu, stofnaður 1917, Rótarýsjóðurinn er stærsti sjóður félagssamtaka í heiminum, það hafa farið 3,4 milljarðar dollara í gegnum sjóðinn mest í Polío plus eða mænuveiki.

Stjórn hefur ákveðið að hækka árgjaldið um 1.000 kr. úr 44.000 kr í 45.000 kr. Aðallega vegna hækkaðrar húsaleigu sem er samt mjög lág.

Stjórnin hefur áætlað fjölgun félaga ca. 2-3 á starfsárinu, helst vantar konur í klúbbinn en það hallar verulega á þær, þó að það sé gott að yngja upp í klúbbi eins og okkar þá má ekki gleyma því að eldri félagar eru kjölfestan í klúbbum. Ég man þegar ég gekk í klúbbinn þá voru enn nokkrir af frumkvöðlunum enn í klúbbum, sat ég með sperrt eyrun og fullur af andakt hlustandi á þá.

Umdæmisþing verður í Kópavogi daganna 14. og 15. október 2016.

Umdæmisstjóri Guðmundur Jens Þorvarðarson Rótarýklúbbi Kópavogs hefur gert einkunnarorð Alþjóðaforseta Rotary International 2016-2017 John F. Germ að sínum: „Rotary servs humanty“ í þýðingu Guðmundar Jens „Rótarý þjónar mannkyni“. Hvet ég alla Rótarý félagi til að koma á umdæmisþingið, það er bæði fróðlegt og skemmtilegt, svo er það líka í þar næsta bæjarfélagi, ekki langt að fara.



Rótarýklúbbur Hafnarfjarðar 70 ára 1946-2016

Nefndarformenn fá erindisbréf frá stjórn, við vitum öll að starfið í nefndum klúbbsins er mikilvægt og hvet ég formenn og aðra nefndarmenn til fundarhalda svo megi skipuleggja starfsárið en nefndirnar bera ábyrgð á fundarefnum á klúbbfundum. Ætlum við að láta reyna betur á að hver nefnd hafi nokkra fundi í röð til að sjá um fundaeefni.

Þriggja mínútna erindi verða með hefðbundnum hætti, það komast ekki allir félagar að á starfsárinu en við reynum að skipta þeim jafnt á milli svo að sem flestir komi sínum skoðunum að.

Klúbbþing verður haldið 8. september, þar getum við rætt málin sem allra jafna eru ekki á dagskrá á fundum, t.d. hefur formaður Framkvæmdasjóðs boðað umræður um nútímavæðingu sjóðsins.

Við tökum okkur sumarfrí 28. júlí og 4. ágúst, það verður fundur 11. ágúst en vegna Rússlandsferðarinnar fellur fundur niður 18. ágúst.

Eins og þið sjáið þá hefur borðaskipan verið endurskipulögð í dag, ætla ég að láta reyna á þetta í byrjun starfsárs, ástæðan er að birtan og sólin í bakgrunni gamla stjórnarborðsins er myndasmiðum erfið, eins er ákaflega heitt þarna á sólardögum, ég vona að fyrirlesarar nái betur til okkar standandi í púlti og flytja sitt mál með myndaskýringum hérna megin.

Ágætu félagar, framundan er stórt Rótarýár við leggjum mikiðmikið undir og það verða mörg spennandi vekefni að takast á við, ég treysti á ykkur félagar að hjálpa okkur í stjórninni að gera starfið enn öflugra, það er nauðsynlegt að allir séu virkir og leggi eitthvað að mörkum til að starfsárið verði farsælt.

Munum að „Rótarý þjónar mankyninu“

Nú mun gjaldkeri Ingvar Geirsson gera grein fyrir fjárhagsáætlun næsta árs.

Bessi H. Þorsteinsson
forseti 2016-2017